



Það getur verið gaman að láta nemendur semja ljóð um líkamshluta og fá þá til að hugleiða útlit, lögun og hlutverk þeirra. Verkefnið um hendur getur átt við aðra líkamshluta. Þegar verkefnið er kynnt fyrir nemendum byrjar kennarinn að skrifa á töfluna orð sem geta átt við hendur og fær nemendur til að hugleiða hvað hægt er að gera með höndum og hvernig þær líta út. Að því loknu eiga nemendur að skrifa nokkur orð sem þeim finnst lýsa eigin hendi. Því næst teikna þeir útlínur handarinnar á blað og skrifa setningu sem þeim finnst lýsa henni og líkja henni við eitthvað. Ljóðið hér fyrir neðan er bekkjarljóð nemenda í Ölduselsskóla.

### Hönd mín er ...

Hönd mín er aum eins og maur.

Hönd mín er sterk eins og kraftakall.

Hönd mín er mjúk eins og köttur.

Hönd mín er heit eins og loginn.

Hönd mín er mjúk eins og dúnn.

Hönd mín er mjúk eins og hundur.

Hönd mín er lítil eins og hvolpur.

Hönd mín er brún eins og hestur.

Hönd mín er krumpuð eins og gömul kona.

Hönd mín er köld eins og snjór.

Hönd mín er mjúk eins og koggi.

Hönd mín er sterk eins og sólin.

Hönd mín er mjúk eins og silki en þó ekki hörð eins og hylki.

Hönd mín er hörð eins og hundabein.

Hönd mín er mjúk eins og leir.